

Nd.

144. Nefndarálit

[69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. á þremur fundum.

Frv. var sent eftirfarandi aðilum til umsagnar: Aflatryggingasjóði, áhafnadeild, Tryggingasjóði fiskiskipa og Fiskveiðasjóði Íslands.

Í umsögn Fiskveiðasjóðs kemur fram, að hann sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frv.

Í umsögn Tryggingasjóðs fiskiskipa kemur fram athugasemd við 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða.

Nefndinni barst síðan ósk frá sjávarútvegsráðuneytinu, þess efnis, að nefndin hlutaðist til um að 2. mgr. ákvæða till bráðabirgða verði felld úr frumvarpinu.

Nefndin fékk á sinn fund tvo fulltrúa frá Verðjöfnunarsjóði, þá Kristján Ragnarsson og Ísólf Sigurðsson, til að ræða sérstaklega áður nefnda 3. mgr.

Nefndin samþykkti að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
 - a) 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða falli niður.
 - b) Upphaf 4. mgr. (sem verður 3. mgr.) ákvæða til bráðabirgða hljóði svo: Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða.
2. 3. gr. frv. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svö breytt.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Pétur Sigurðsson var erlendis, en hafði lýst samþykki sínu við þessa afgreiðslu málsins. Nokkrir nefndarmenn áskildu sér rétt til að fylgja eða flytja aðrar breytingartillögur.

Alþingi, 2. des. 1981.

Garðar Sigurðsson,
form., frsm.

Karvel Pálmason,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Páll Pétursson.

Halldór Blöndal.